

Fundargerð 2. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 5. september 2019

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hilmar Örn Jónasson, Jón Hjaltason, Oddur Örnólfsson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Leifur Guðni Grétarsson varastjórn, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir,

Afboða, mæta ekki : Hörður Oddfríðarson ritari og Hrafnhildur Lúthersdóttir varastjórn

Fundur settur kl. 18:30

1. Fundargerð síðasta fundar

- a. Farið yfir fundargerð og málum fylgt eftir.

Farið yfir útistandandi mál og þau ítrekuð

2. Starfsnefndir SSÍ

- a. Farið yfir fyrirbyggjandi lista um mönnun starfsnefnda:

- i. Afmælisnefnd Fullmönnuð*
- ii. Aga- og siðanefnd Vantar aðila*
- iii. Dómaranefnd Fullmönnuð*
- iv. Fræðslu- og kynningarnefnd Fullmönnuð*
- v. Íþróttamannanefnd Mönnuð eftir 15. sept*
- vi. Kjörnefnd Fullmönnuð*
- vii. Landsliðsnefnd Vantar einn*
- viii. Mannvirkjanefnd Vantar aðila*
- ix. Móta- og tækninefnd Þarf að staðfesta síðustu nöfn*
- x. Sundíþróttanefnd Vantar nöfn í nefnd*
- xi. Þjálfaranefnd Fullmönnuð*

- b. Starfsmönnum falið að koma skipan nefnda sem eru tilbúnar inn á heimasíðu.

Formenn og fulltrúar stjórna í nefndum þurfa að klára mönnun nefnda sem fyrst. Því verki verður að vera lokið fyrir næsta stjórnarfund.

3. Íslandsmót og starfsemi

- a. Farið yfir reglugerð og umsögn þjálfaranefndar vegna Íslandsmótaraðar *Emil, Hilmar, Bjarney og Leifur skipa starfshóp sem sér mótarað þessar tillögur frekar í samvinnu við viðkomandi aðila og til kynningar. Stefnt að því að hefja mótarað eftir áramót.*

- b. ÍM 25 og ÍM50 tillögur að breyttri greinaröðun. (Fylgiskjal)

Breytingatillögur þjálfaranefndar samþykktar

- c. Dagskrá september mánaðar (Fylgiskjal)

Dagskrá kynnt og lögð fram til kynningar.

4. Afreksmál

- a. Stöðuskýrsla (Fylgiskjal)

Farið fyrir stöðuskýrslu sem send var til ÍSÍ með framvindu afrekstarfs

- b. Fundir með afreksfólki

Fjallað um fundi með afreksfólki og mikilvægi þess að afreksfólk á styrkjum fylgi eftir prógrammi SSÍ og ÍSÍ í hvívetna fram að Ólympíuleikum.

Fundargerð 2. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 5. september 2019

5. Starfsemi SSÍ tekjur og gjöld

a. Formaður fer yfir rekstrarmódel SSÍ

Formaður fór yfir rekstrarmódel SSÍ og hverjir helstu tekju og gjaldastofnar séu. Ítrekað mikilvægi þess að ná allri veltu inn í starfs sambandsins.

6. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir fundinn.

7. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Dominic Daði Wheeler	SH	Sf. Ægir	19.08.19	18.09.19

Staðfest

8. Staðfesting meta

50m laug

Karlar

Grein	Nafn	Félag	Tími	Dags.	Staður
50m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	00:27,66	21.07.19	Gwangju
50m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	00:27,46	23.07.19	Gwangju
100m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	01:00,32	21.07.19	Gwangju

Piltar

Grein	Nafn	Félag	Tími	Dags.	Staður
400m Skriðsund	Viktor Forofonov	Bærumsvømmere	04:02,82	04.07.19	Drammen

Meyjar

Grein	Nafn	Félag	Tími	Dags.	Staður
50m baksund	Ella Ruth Jónsdóttir	MTAC	33,49	01.08.19	Cary

Staðfest

9. Aðsend erindi

a.	30.06.2019	Invitation and announcement details for 7th Ulla-Klinger-Cup	Guido	Versem
b.	01.07.2019	FINA Open Water Swimming Certification School (UKR)		FINA/pm
c.	02.07.2019	FINA World U16 Water Polo Championships		FINA/cm
d.	04.07.2019	Invitation Swim Cup Amsterdam 13-15 December		DF/ls
e.	12.07.2019	Artistic Swimming Development School - Intermediate level		FINA/ms
f.	18.07.2019	FINA Swimming School for Officials (POL) / 14-15 September		FINA/cm
g.	23.07.2019	FINA code of conduct		FINA/cm
h.	27.07.2019	Water Polo Certification School for Referees (GER) / 6-8 Dec		FINA
i.	31.07.2019	Open Water Swimming Certification School (UKR) / 27-28 Sep		FINA
j.	02.08.2019	Artistic Swimming Development School (GEO) / 18-20 October		FINA
k.	02.08.2019	FINA SW Coaches Certification Course - Coach Level (ALB)		FINA
l.	02.08.2019	Ohrid (MKD) 2019 FINA/CNSG Marathon Swim World Series		FINA
m.	09.08.2019	Artistic / synchronised swimming competition Christmas Prize	Prag	
n.	17.08.2019	New Water polo rule		LEN/m
o.	19.08.2019	Umsókn í Íþróttasjóð ÍSÍ		ÍSÍ /Rs

Fundargerð 2. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 5. september 2019

p.	20.08.2019	Water Polo Certification School for Referees (CYP) / 18-20 October	FINA/ms
q.	21.08.2019	OC Anti-Doping Rules applicable to the Games of the Tokyo 2020	IOC
r.	21.08.2019	FINA Artistic Swimming Development School (GEO) / 18-20 October	FINA
s.	22.08.2019	SW Coaches Certification Course - Assistant Coach Level (KOS)	FINA
t.	22.08.2019	Sýnum Karakter	ÍSÍ/rs
u.	22.08.2019	FINA SW Coaches Certification Course - Assistant Coach Level (KOS)	FINA
v.	23.08.2019	LEN SYN Clinic 2019 – Vantaa	LEN/fin
w.	26.08.2019	FINA Water Polo Certification School for Referees (GER) / 6-8 Dec	FINA
x.	30.08.2019	FINA Swimming Schools for Officials	FINA
y.	30.08.2019	FINA Artistic Swimming Schools for Judges	FINA
z.	30.08.2019	FINA Diving Schools for Judges	FINA
aa.	30.08.2019	FINA Open Water Swimming Schools for Officials	FINA

Móttækin

10. Önnur mál

a. Gagnaöflun

Formaður leggur áherslu á að taka þurfi til í gagnamálum SSÍ og safna gömlum gögnum á einn miðlægum stað. Formanni veitt heimild til semja við ritara um að annast þetta verkefni fram til áramóta.

b. Atburðardagatal

Farið yfir atburðardagatal.

c. AMÍ 2020 dagsetning

Bíladagar á Akureyri taka mikið pláss í bænum og geta valdið óþægindum fyrir sundfólk. Ákveðið var að færa AMÍ fram um eina viku þannig að það fari fram helgina 12 – 14 júní.

d. Sprengjumót Óðins

Sprengjumót Óðins fer ekki fram í ár

e. Uppskeruhátíð eftir ÍM 25

Rætt um að fá einhverja fulltrúa stjórnar til að taka þetta verkefni að sér. Oddur kjörin fulltrúi stjórnar. Leitað verður til Ingibjargar Kristínar um að aðstoða við þetta.

f. Mönnun næstu verkefna (EM 25 og NM)

Framkvæmdastjóri kynnir mönnun næstu verkefna á næsta fundi.

g. Sundknattleikur kynning

Glen Moyle kom og kynnti hver staðan er í greininni og hvernig starfsemin verður í vetur. Þeir hafa verið í vandræðum með að fá tíma í Laugardalslaug. Glen mun senda formlegt erindi á stjórn SSÍ vegna tíma í laugum.

h. Fundur með Bestun auglýsingamiðlun

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundi með Bestun auglýsingamiðlum varðandi hugmyndir að styrkjum og fjáröflunum fyrir sambandið og Ólympíufara okkar.

i. Fundartímar stjórnar

Fundarmenn kjósa frekar að hafa fundi á miðvikudögum. Formaður breytir tímum og bókar fundi og lætur setja þá inn í atburðardagatal.

Fundi slitið kl. 20:45